

Nd. 571. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tildrög og eðli óeirðanna 30. marz 1949.

Flm.: Áki Jakobsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna rannsóknarnefnd til þess að rannsaka orsakir og eðli óeirða þeirra, sem urðu við alþingishúsið 30. marz 1949, og þátt lögreglustjórans í Reykjavík, Sigurjóns Sigurðssonar, og ríkisstjórnarinnar í þeim, og er nefndinni rétt að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Þriðjudaginn 29. marz 1949 kom til umræðu í sameinuðu Alþingi þáttill. um, að Ísland gerðist stofnaðili að Atlantshafssamningi. Fundur hófst á mjög óvenjulegum tíma, eða kl. 10 f. h. Er þingmenn komu að þinghúsinu til að sækja þingfundinn, urðu þeir varir við stórfelldan hernaðarundirbúning af hálfu lögreglunnar í Reykjavík. Í kringum húsið voru á gangi lögregluþjónar, tveir og tveir saman, með stálhjálma og langar kyllur, sem héngu við ranunger belti. Þegar komið var að dyrum hússins, voru þar fyrir margir lögreglumenn í anddyrinu, og það atvik kom fyrir, að einum þingmanna, Lúðvík Jósefssyni, 2. þm. Sunnmýlinga, var varnað inngöngu í húsið, þar til einn starfsmanna þingsins bar þar að og fékk því til leiðar komið við lögreglumennina, að þessum þingmanni yrði hleypt inn.

Hinn óvenjulegi viðbúnaður við alþingishúsið þennan morgun dró að sér athygli vegfarenda, og varð það til þess, að þegar safnaðist fjöldi manns á götuna framan við húsið. Virtist ljóst, að þessi viðbúnaður væri til þess gerður að vekja athygli á, að lögreglan væri reiðubúin til óvenjulegrar valdbeitingar, ef henni þætti þurfa, og bæri að skoða þetta sem aðvörun til almennings að halda sig frá alþingishúsinu. Áhrif þessarar hersýningar voru öfug, eins og vænta mátti. Þetta beinlinis dró fólk að þinghúsinu og orsakaði mikið umtal og óróa í bænum.

Þessi dagur leið að kvöldi, án þess að til annarra tíðinda drægi en þessa óvenjulega viðbúnaðar lögreglunnar. Þegar leið á daginn, mun lögreglustjóra hafa orðið ljóst, hversu ófriðvænlegt þetta tiltæki var, einkum vegna þess hita, sem í bænum var út af því máli, sem til afgreiðslu var í þinginu.

Meðferð máls þessa í þinginu var hraðað með óvenjulegum hætti. Hæstvirtur utanríkisráðherra fylgdi tillögunni úr hlaði með aðeins nokkrum orðum, þrátt fyrir loforð um ýtarlega greinargerð og skýrslu um málið, til þess að hraða sem mest umræðunni, og lagði ríkisstjórnin það fyrir forseta þingsins, að ekki skyldi veita þingmönnum matar- eða kaffihlé, svo að umræðunni lyki sem fyrst.

Forseti lét þó loks til leiðast að veita klukkustundar matarhlé um hádegið, en ekkert kaffihlé var veitt og ekki heldur hlé til kvöldverðar. Skömmu eftir hádegi stytta forseti ræðutíma þingmanna niður í 15 mín. og síðar enn meira, en umræðunni var lokið um kl. 10 að kvöldi þess 29. marz.

Eftir fyrstu umræðu var málinu vísað til utanríkismálanefndar eins og venjulegt er, en þetta var sýnilega aðeins gert til málamynda, því að þingmönnum var tilkynnt, að síðari umræða mundi hefjast þá um kvöldið og henni yrði lokið um nóttina. Þegar til kom varð ekki af þessu, og mun forseti hafa aftekið við hæstv. ríkisstjórn að hafa slíkan hraða á, og var þá þingmönnum tilkynnt um kl. 11 e. h., að 2. umræða mundi hefjast kl. 10 að morgni þess 30. marz.

Þegar þingfundur hófst kl. 10 að morgni þann 30. marz, lagði forseti fram tillögu um, að 2. umræða um málið mætti ekki standa nema þrjár klukkustundir. Tillaga þessi var flutt skv. kröfu ríkisstjórnarinnar, enda er það algert einsdæmi

í þingsögunni, að umræður séu skornar niður á þennan hátt. Þessu var mótmælt af hálfu sósíalista og krafizt úrskurðar forseta um réttmæti slíkrar tillögu áður en séð væri, að umræður mundu „dragast úr hófi fram“, eins og komizt er að orði í þingsköpum. Þessu var neitað og tillagan borin undir atkvæði og samþykkt af meiri hluta þingmanna. Slík aðferð sem þessi til að svipta þingmenn málfrelsi mun vera einsdæmi í sögu þingsins.

Öll meðferð málsins í þinginu var háð afbrigðum frá þingsköpum. Er rétt að skýra nánar frá því, vegna þess að það, hve óvenjulega og óþinglega meðferð málið hlaut, var ein af orsökum þess, hve mikill hitinn varð, bæði meðal þingmanna og almennings. Áður hefur verið lýst hinum óvenjulegu vinnubrögðum þingsins fyrri umræðudaginn, er þingmönnum var synjað matar- og kaffihlés. Þá hefur og verið drepit á fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um að hafa næturfund þann 29. marz til að afgreiða tillöguna við aðra umræðu, sem þó ekki varð af. En þegar fundur hófst kl. 10 að morgni 30. marz, var nefndarálitum útbýtt á þeim fundi, en skv. þingsköpum má ekki taka fyrir þáttill. til síðari umræðu fyrir en einum sólarhring eftir að nál. hefur verið útbýtt meðal þingmanna og ekki fyrir en tveir sólarhringar eru liðnir frá 1. umræðu, og hefði málið því ekki átt að koma fyrir til síðari umræðu fyrir en 31. marz. Þá var með raunverulegum ofbeldisaðgerðum knúið fram að takmarka umræður um þetta mikla mál við 3 klst. Loks skal það fram tekið, að hæstv. ríkisstjórn sýndi Alþingi þá lítilsvirðingu að vera ekki við í þinginu, þegar umræður fóru fram, enda tók enginn ráðherra til máls annar en utanríkisráðherra, tilknúinn vegna fyrirspurnar eins af þm. stjórnarflokkanna, að undanskildu því, að forsætisráðherra og menntamálaráðherra sögðu nokkur orð við 2. umr. málsins til að skora á flokksmenn sína að fella tillögur, sem fram höfðu komið frá flokksbræðrum þeirra. Öll meðferð málsins í þinginu og ekki síður framkoma ríkisstjórnarinnar var til þess fallin að auka sem mest hita um þetta mál, sem var mikill í bænum fyrir.

Strax um morguninn 30. marz, um það leyti sem þingfundur byrjaði, fór fólk að safnast að alþingishúsinu. Dreif nú ört að, og um kl. 12 á hádegi voru þúsundir manna komnar saman framan við húsið. Um morguninn var svo hljóðandi flugmiða dreift um alla Reykjavík, og var efni hans lesið nokkrum sinnum upp í útvarpið.

„Reykvíkingar!

Kommúnistar hafa án þess að leita leyfis boðað til útifundar í dag og skorað á menn að taka sér fri frá störfum.

Við viljum því hér með skora á friðsama borgara að koma á Austurvöll milli kl. 12 og 1, og síðar, til þess með því að sýna, að þeir vilji, að Alþingi hafi starfsfrið.

Ólafur Thors
form. þingflokks Sjálfstæðisflokksins,
Eysteinn Jónsson,
form. þingflokks Framsóknarflokksins,
Stefán Jóh. Stefánsson
form. þingflokks Alþýðuflokksins.“

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún höfðu þennan sama morgun boðað til útifundar í Lækjargötu hjá Miðbæjarbarnaskólanum kl. 1 e. h. með svo hljóðandi auglýsingu:

„Útifundur við Miðbæjarbarnaskólann kl. 1 í dag.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún skora á allan almenning í bænum að taka sér fri til að mæta á útifundinum í Lækjargötu (við Miðbæjarbarnaskólann) kl. 1 e. h. í dag.

Fundurinn er boðaður af Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna, til þess að Reykvíkingum gefist tækifæri til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna enn einu sinni, áður en Alþingi hefur tekið fullnaðarákvörðun um málið.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún.“

Út af margendurteknum fullyrðingum um, að þessi fundur hafi verið ólöglegur vegna þess, að ekki var leitað leyfis lögreglustjórans í Reykjavík, er rétt að benda á, að skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar er ekki skylt að leita leyfis til að halda fundi í löglegum tilgangi. Umrædd grein hljóðar svo:

„Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundum undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.“

Af þessu er það augljóst, að það var lögreglustjórans að banna fundinn, ef hann teldi hættu á því, að af honum leiði óeirðir. Það gerði lögreglustjórnin ekki, og því var fundurinn í alla staði löglegur og fundarboðið óaðfinnanlegt.

Á fundi þessum var samþykkt ályktun, sem hér fer á eftir:

„Almennur útifundur, haldinn í Reykjavík miðvikudaginn 30. marz 1949 að tilhlutan Fulltrúaráðs verkalyðsfélaganna, mótmælir harðlega þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og vill á úrslitastundu málsins enn einu sinni undirstrika mótmæli og kröfur 70–80 félagasamtaka þjóðarinnar um, að þessu örlagaríka stórmáli verði ekki ráðið til lykta án þess, að leitað sé álits þjóðarinnar sjálfrar. Fundurinn skorar því mjög alvarlega á Alþingi að taka ekki lokaákvörðun um málið án þess, að leitað sé álits þjóðarinnar, og krefst þess því, að afgreiðslu málsins sé skotið undir almenna þjóðaratkvæðagreiðslu. Fundurinn samþykkir að fela fundarboðendum að færa Alþingi og þingflokkunum þessa kröfu og óskar skýrra svara formanna þingflokka um afstöðu þeirra til þessarar kröfu fundarins.“

Þeir Sigurður Guðnason alþm., Stefán Ögmundsson prentari og Björn Bjarnason bæjarfulltrúi fluttu Alþingi og formönnum þingflokka þessa tillögu. Þegar þeir fóru til alþingishússins, fylgdu fundarmenn og bættust við þann mannfjölda, sem þar var fyrir. Sigurður Guðnason alþm. lagði ályktun fundarins fyrir formenn þingflokka fyrir milligöngu forseta sameinaðs Alþingis, Jóns Pálmasonar, hvað viðvæk þingflokki Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Forseti flutti þau svör frá formönnum þessara þingflokka, að þeir neituðu að verða við óskum fundarins. Sigurður Guðnason flutti þessi svör út til þeirra Stefáns Ögmundssonar og Björn Bjarnasonar.

Umræðunum í þinginu lauk kl. rösklega 2 e. h., og hófst þá þegar atkvæðagreiðsla um tillöguna, en sem kunnugt er höfðu ýmsar breytingartillögur borizt. Meðan á atkvæðagreiðslu stóð, heyrðust inn í þingsalinn köll frá mannfjöldanum fyrir utan húsið, þar sem krafizt var þjóðaratkvæðis um málið. Örfáum steinum var varpað á glugga í þinghúsinu, sem virtust koma utan af Austurvelli, en annars var fullkomin ró meðal fólksins utan við húsið. Þegar nokkuð var liðið á atkvæðagreiðsluna, hóf lögreglan kylfuárás á mannfjöldann án aðvörunar, og hófst þá allmikið hark úti og nokkur grjóthrið á húsið.

Eftir að atkvæðagreiðslu í þinginu var lokið og dagskrá þingfundarins tæmd, varð nokkur bið, áður en þingfundur var slitið. Vék þá forseti frá, en varaforseti, Finnur Jónsson, tók sæti. Var nú beðið góða stund, en þá kom forseti aftur og tilkynnti það, um leið og hann sleit fundinum, að lögreglustjórnin ákveði, hvenær þingmenn fengju að yfirgefa húsið. Þessu var þá þegar mótmælt af ýmsum þingmönnum sem löglausu athæfi af hálfu lögreglustjóra. Þegar þingmenn ætluðu að komast út úr húsinu, var þeim bægt frá af lögreglu og þar með meinað að yfirgefa húsið. Hve langan tíma þingmönnum var af lögreglustjóra haldið föngum í húsinu, er ekki vitað fyrir víst, en það hefur verið allt að einni klukkustund. Þetta tiltæki lögreglustjórans var, auk þess að vera ófyrirleitin og ólögleg afskipti af störfum þingsins, mjög heimskulegt tiltæki, sem hlaut að verða til þess að auka gremju fólksins. Það hefur nokkuð verið fírázt út af því, að frétt um þetta tiltæki lögreglustjóra skyldi hafa borizt mannfjöldanum, sem var fyrir utan húsið. Slíkt er þó alveg ástæðulaust, því að ekkert var sjálfsagðara en að fólkið, sem fyrir utan húsið var, fengi að fylgjast með því, sem gerðist innan hússins, og hefðu forsetar þingsins og formenn þingflokka stjórnarliðsins beinlínis átt að hlutast til um það,

að mannfjöldinn fengi að fylgjast með öllu, sem innan hússins gerðist. Mun mannfjöldinn hafa búið við því, að svo yrði gert.

Nokkru eftir að þingfundi var lokið, en á meðan þingmönnum var meinað að yfirgefa alþingishúsið, urðu þingmenn varir við það, að út úr flokksherbergi Framsóknarflokksins gengu í röð um 50 manns, sem lögreglustjóri hefur kallað „varalið“. Lið þetta var svo búið, að á vinstri upphandlegg var borði með fánalitunum, stálhjálmur á höfði, en kylfa í hendi. Lögreglustjórinn, Sigurjón Sigurðsson, gekk á undan þessu liði og opnaði útidyrnar fyrir því. Þegar lið þetta birtist mannfjöldanum, er það kom út um aðaldyr alþingishússins, laust mannfjöldinn upp reiðiópi. En þetta „varalið“ skildi verkefni sitt svo, að það tróð sér strax fram fyrir lögregluna og út í mannþyrpinguna og barði með kylfum á báðar hendur og umsvifalaust hvern sem fyrir varð og gerði engan greinarmun, hvort fyrir varð kvenfólk, unglingar, gamalmenni eða fullhraustir karlmenn. Það skal fram tekið, að liði þessu var sigað á mannfjöldann alveg að óvörum. Engar viðvaranir voru gefnar til fólksins, hvorki um að víkja frá húsinu né heldur að dreifa sér, þannig að fólk fékk ekki einu sinni ráðrúm til að forða sér, enda er fjöldi fólks með sár og áverka eftir útrásarlið þetta.

Það hefur komið í ljós, að lið þetta, sem falið var í flokksherbergi Framsóknarflokksins í alþingishúsinu, var allt úr félögum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, einkum „Heimdalli“, sem er félag ungra sjálfstæðismanna. Þetta hefur formaður flokksins, Ólafur Thors, síðar viðurkennt í þingræðu og enn fremur Sigurður Bjarnason alþm. Virðist allt benda til þess, að ráðherrarnir sex, sem stóðu að inngöngunni í Atlantshafsbandalagið, hafi ekki treyst öðrum til að verja sig í þessu máli en Heimdellingunum, en óbreyttir alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn hafa ekki verið taldir nógu traustir til þessa starfa. Sýnir þetta vel, hvernig ráðherrar Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins eru gengnir í þjónustu Sjálfstæðisflokksins.

Það er rétt að geta þess hér, að umfram þá 50 Heimdallarmeðlimi, sem búnir voru kylfum og stálhjálum og geymdir voru í flokksherbergi Framsóknar í þinghúsinu, hafði verið safnað saman allmiklum fjölda, um 200 manns, úr félögum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og þeim raðað saman á gangstéttarnar utan við alþingishúsið, en innan við varðlínu lögreglunnar, þar sem lögreglan annars bannaði almennings að hafast við. Er sýnt af þessu, að lögregluyfirvöldin hafa haft náð samstarf við einn pólitískan flokk, Sjálfstæðisflokkinn, og kallað á hann til trausts sér og veitt meðlimum hans ýmis forréttindi. Hlaut þetta að auka á þá ólgu, sem fyrir var út af því máli, sem verið var að afgreiða.

Þegar „varalið“ Heimdallar hafði byrjað hernaðaraðgerðir sínar gagnvart friðsömu fólki úr öllum flokkum, sem safnaði hafði saman utan við alþingishúsið, varð að sjálfstöðu mikil háreysti og ókyrrð, sem vænta mátti. Heimdellingar fengu þarna langþráð tækifæri til að berja án miskunnar á pólitískum andstæðingum sínum og það meira að segja „í laganna nafni“. Slík „dásemd“ hafði þau áhrif á þessa lítilsigldu menn, að þeir urðu alveg hamislausir og börðu, eins og áður er sagt, hvað sem fyrir varð. Eru mörg dæmi þess, að þeir berðu vini sína og samherja, sem á vegi þeirra voru. Í fyrstu hrökk fólkið undan þessum villta skril, en það var til einskis, því að Heimdellingar virtust ekki vera komnir á veltvang til þess að víkja fólkinu frá alþingishúsinu eða dreifa mannfjöldanum, heldur til að berja á fólki. Þegar fólkið sá, að Heimdallarskrillinn elti það, hvert sem það fór, snerist það til varnar, og brá þá svo við, að vígamóðurinn rann furðu fljótt af Heimdellingum og hrukku þeir fljótt undan. Þegar svo var komið, að fólk bjóst til að hirta Heimdellingana, og það jafnt fólk úr öllum flokkum, var lögreglunni skipað að gera árás til að bjarga þeim inn í alþingishúsið.

Þegar lögreglan gerði þessa útrás, fyrirskipaði lögreglustjóri að nota táragas og það án þess að gera fólki viðvart um það áður. Dreifðist nú mannfjöldinn nokkuð, og notaði lögreglan tækifærið til að bjarga Heimdellingunum inn í alþingishúsið. Var það álit lögreglunnar, er hún var að bjarga Heimdellingum inn, að þeim mundi láta

betur að berja á mönnum, sem væru bundnir, heldur en fólki, sem gæti borið hönd fyrir höfuð sér.

Eftir að lögreglustjóri var búinn að fyrirskipa gasárásina á fólkið utan við alþingishúsið og mannfjöldinn hafði dreifzt nokkuð, var utanríkisráðherra í mesta fjórti skotið í bíl og ekið með miklum hraða frá húsinu og síðan öðrum ráðherrum. Fóru þingmenn þá að yfirgefa húsið. Engar árásir voru gerðar á þingmenn eða ríkisstjórn, að undanteknu því, að skólastúlka greiddi forsætisráðherranum kinnhest, og lét hann setja hana í fangelsi fyrir. En þrátt fyrir það að ríkisstjórn og alþingismenn væru farnir úr húsinu, hélt lögreglan þar kyrru fyrir og gerði árásir á mannfjöldann látlaust í marga klukkutíma. Voru þá gerðar útrásir um allan miðbæinn og gasárásir gerðar á fólk hingað og þangað að þarflausu. Nokkur kyrrð komst þó á um sexleytið, en svo byrjaði lögreglan aftur um kvöldið og æddi þá un allan miðbæinn. Réðst hún þá með gassprengjum og kyfubarsmið á fólk, sem einskis ills átti sér von, t. d. var ráðizt á friðsamtt fólk, sem var að koma úr kvikmyndahúsi, og enn fremur fólk, sem var að bíða eftir strætisvögnum á Lækjartorgi, og var engu líkara en lögreglan væri búin að tapa vitinu og vissi ekkert, hvað hún gerði. Fullkomin kyrrð komst loks á nokkru eftir miðnætti.

Það verður ekki annað séð en lögreglufirvöldin og formenn þingflokka stjórnarliðsins eigi mesta sök á þeim óeirðum, sem urðu 30. marz. Framkoma þessara aðila er svo furðuleg, að óforsvaranlegt er að láta ekki fara fram rannsókn á athæfi þeirra. Ég mun nú draga saman þau atriði, sem einkum benda til þess, að þessir aðilar beri ábyrgð á óeirðunum, og sérstök nauðsyn er á að rannsaka:

1. Alþingishúsið var þegar um morguninn 29. marz vígbúið, þ.e. fjölmennri vopnaðri lögreglu var komið fyrir inni í húsinu ásamt svokallaðri „varalögreglu“, og fjölmennur lögregluvörður, búinn löngum kyllum og stálhjálum, var settur utan við húsið, og vakti það feikiathygli í bænum og varð til þess að draga að húsinu mikinn mannfjölda. Hefði það verið meining lögreglustjórans að forðast óeirðir, hefði hann ekki farið að ögra bæjarbúum á þennan hátt. Þetta er það fyrsta, sem gert var opinberlega, og hafði enga aðra þýðingu en eigna til óeirða.

2. Lögreglustjóri fyrirskipaði stórfelldan vígbúnað lögreglunnar nokkru fyrir 30. marz, sem mikið var talað um í bænum og var til þess fallinn að auka á æsing meðal bæjarbúa, sem var mikill fyrir út af inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Þessi vígbúnaður var framkvæmdur án nokkurs tilefnis, því að ekkert hafði komið fram, sem gæfi hina allra minnstu ástæðu til að ætla, að nokkrar ofbeldisaðgerðir væru í undirbúningi frá hendi þeirra, sem andvígir voru inngöngu Íslands í bandalagið.

3. Lögreglustjóri kvaddi til „aðstoðar“ lögreglunni meðlimi eins stjórnsmálaflokks í bænum, einkum úr Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna, og valdi úr hópi þess, að því er bezt er vitað, um 50 manna lið, sem hann bjó kyllum og stálhjálum og setti á sérstaka handleggaborða sem merki. Mönnum þessum tryggði hann sömu réttindi og lögreglumönnum. Þetta lið kallaði lögreglustjóri á æfingar og fundi og leitaðist við að æsa það sem mest, til þess að það yrði sem traustast til framgöngu, þegar hann gæfi skipanir þar um. Það er einsdæmi hér á landi og sennilega í lýðfrjálsum löndum, að lögreglustjóri leyfi að vopna ákveðinn pólitískan félagsskap og veita honum vernd lögreglumanna. Hér í Evrópu eru engin dæmi til slíks athæfis af hálfu lögreglustjóra, frá því er nazistar voru að brjótast til valda með dýrslegri grimmd á árunum eftir 1930.

4. Lögreglustjórinn kvaddi og til aðstoðar lögreglunni marga menn, er voru nær einvörðungu meðlimir úr félögum Sjálfstæðisflokksins hér í bænum (Morgunblaðið telur það hafa verið 927 manns), og var lið þetta geymt í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll. Þann 30. marz var nokkrum hluta þess raðað í kringum alþingishúsið innan við varðlinu lögreglunnar. Með þessu móti varð það ljóst, að lögreglustjóri mismunaði fólki því, er utan við húsið stóð, og auglýsti, að lögreglan bæri ekki traust

til annarra af borgurum höfuðstaðarins en þeirra, sem væru í Sjálfstæðisflokknum og hefðu fundið þá náð fyrir augum lögreglustjórans eða forustumanna flokksins að vera valdir í þetta lið. Þessi lítilsvirðing og getsakir í garð almennings úr öðrum flokkum jók mjög ólguna meðal þeirra þúsunda, sem utan við alþingishúsið voru.

5. Formenn þingflokka stjórnarflokkanna, þeir Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson, gáfu út ávarp til almennings í bænum, þar sem skorað var á fólk að fjölmenna við alþingishúsið milli kl. 12 og 1 e. h. og síðar þennan dag. Það er útilokað, að þetta boð hafi verið látið út ganga án samráðs við lögreglustjórann, sem þegar að morgni 29. marz var orðinn húsbóndi í alþingishúsinu. Fólkið þyrptist að húsinu fyrir þessa áskorun, en þeir þremmenningarnir skeyttu því ekkert, að fjöldi manns var kominn í boði þeirra, og gerðu aldrei neina tilraun til að ávarpa það eða skýra því frá, til hvers það væri kvatt að alþingishúsinu. Bendir það til þess, að lögreglustjóri hafi átt upptökin að því tiltæki að boða þúsundir Reykvikinga að alþingishúsinu. Tilgangur þess að stefna fólki þangað er ekki ljós, en afleiðingin gat ekki orðið önnur en sú að stofna til óeirða í sambandi við afgreiðslu málsins.

6. Lögreglustjóri tók á ólöglegan hátt að sér stjórn í alþingishúsinu og bannaði þingmönnum að yfirgefa húsið, eftir að þingfundur var lokið, og var þeim þannig haldið sem fongum góða stund. Þetta var lögreglustjóra algerlega óheimilt, og enginn aðili hefur vald til þess að svipta þingmenn frjálsræði í alþingishúsinu eða rétti til að koma þangað eða fara þaðan, hvorki ríkisstjórn né forseti þingsins og því síður lögreglustjóri. Hér var því um mjög alvarlegt brot á friðhelgi þingmanna að ræða.

7. Lögreglustjóri fyrirskipaði fyrst kylfuárás lögreglumanna á mannfjöldann við alþingishúsið og síðar árás Heimdellinga, hvort tveggja án þess að gera nokkuð viðvart áður. Fólk var ekki gefinn kostur á að víkja frá húsinu án þess að til slíkra harðræða kæmi og vissi ekkert fyrir en lögreglan og síðar Heimdellingar voru farnir að stórmeiða það með kylfubarsmið sinni. Nú var lögreglustjóra mæta vel kunnugt um boðsendingu formanna þingflokka stjórnarliðsins og hefði því átt að gefa því fólki, sem komið var vegna hennar, tækifæri til að forða sér. Það gerði hann ekki, og sýnir það ef til vill betur en flest annað, að boðsending þeirra Ólafs, Eysteins og Stefáns Jóhanns var ekki send út til að forðast vandræði. Loks byrjar svo lögreglustjóri gasárás á fólkið, líka án þess að gera viðvart áður.

8. Lögreglustjórinn hélt við óspektum kringum alþingishúsið og í miðbænum í langan tíma eftir að ríkisstjórn og alþm. voru farnir þaðan og þar með niður fallin sú tylliástæða, sem lögreglustjóri hafði fyrir liðsafnaði sínum í alþingishúsinu og fyrir utan það, að hann væri að vernda ríkisstjórnina og alþingismenn. Enn fremur hélt lögreglustjóri miðbænum allt kvöldið 30. marz í hernaðarástandi fram yfir miðnætti með tilefnislausum gasárásum á friðsamt fólk.

9. Í þeirri röð af mistökum og afbrotum, sem lögreglustjórinn gerði sig sekan um í sambandi við samþykkt Alþingis á tillögu um inngöngu í Atlantshafsbandalagið, sýndi hann mesta ófyrirleitni í skýrslu þeirri, er hann birti almenningi um viðburði dagsins, þar sem hann leyfir sér að bera það á borð fyrir ekki færri en 10 þúsund Reykvikinga, sem staddir voru á Austurvelli, að hann hafi varað fólkið við og beðið það að víkja frá húsinu, áður en hann fyrirskipaði árásirnar á það.

Þegar eftir 30. marz hóf sakadómari að undirlagi ríkisstjórnarinnar „rannsókn“ út af óeirðunum. Þessari rannsókn er hagað þannig, að menn úr Heimdalli eða öðrum félögum sjálfstæðismanna koma fyrir rétt og nefna ýmsa menn, sem þeir ásaka um að hafa hvatt til eða tekið þátt í árás á alþingishúsið. Síðan fara þeir frjálsir ferða sinna, en þeir menn, sem þessi lýður segir til, eru eltir uppi af lögreglunni, yfirheyrðir og ýmsir settir í gæzluvarðhald. Sakadómari verst allra fréttu um yfirheyrslur þessar, en af því, sem fréttu hefur af þeim, er hægt að ráða það, að tilgangur þeirra er að reyna að „sanna“ það með illu eða góðu, að Sósíalístaflökkur-

inn hafi verið búinn að skipuleggja árás á alþingishúsið, sem átti að verða upphaf uppreisnar í landinu, en lögreglustjórinn og aðrar hetjur afturhaldsins hafi með hetjuskap og fórnarlund tekizt að hindra.

Það er margt, sem bendir til þess, að ríkisstj. og lögregluþyrirvöldin hafi beinlínis leitazt við að stofna til óeirða í pólitísku skyni. Þau atriði, sem ég hef talið upp í tölulíðum 1—9 hér að framan, styðja þennan grun. Auk þess bendir samtal lögreglustjóra við nefnd frá Þjóðvarnarfélaginu 29. marz til þessa, en þar lýsti lögreglustjóri yfir því, að hann vissi til þess, að reynt yrði að hleypa upp fundi, ef þjóðvarnarmenn boðuðu til hans þann 29. eða 30. marz.

Loks benda „rannsóknir“ sakadómara eftir óeirðirnar og viðbúnaður hans fyrir þær, sem var í því fólgin að dreifa snuðrum og myndatökumönnum um manntjöldann, til hins sama. Allt bendir þetta til þess, að hér hafi verið um fyrir fram undirbúna pólitíska „provokation“ af hálfu ríkisstjórnarinnar og lögreglustjóra að ræða, sem átti að gefa tilefni til aðgerða af hálfu ríkisvaldsins og lögreglunnar til að hefta starfsemi verkalyðshreyfingarinnar og Sósíalístaflökksins. Slíkar aðgerðir telur ríkisstjórnin til þess fallnar að vega upp það fylgistaþ, sem hún hefur beðið meðal almennings vegna árásar hennar á kjör hans og getuleysis hennar við að leysa vandamál þjóðarinnar og síðast vegna svikanna við sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er vel þekkt fyrirbrigði úr valdabaráttu nazísta að stofna til óeirða eða skemmdarverka og kenna andstæðingunum um. Frægasta dæmi slíks er íkveikja nazísta í Ríkisþinghúsinu í Berlín árið 1933, sem þeir kenndu kommúnístum um og notuðu sem átyllu til að hefja gegndarlausar ofsóknir gegn þeim og hanna flokk þeirra. Það er kunnugt, að lögreglustjórinn, Sigurjón Sigurðsson, er nazísti og var mikill aðdáandi Hitlers og þeirra aðferða, sem hann beitti í valdabaráttu sinni. Þessi maður var einn af forustumönnum þeirrar hreyfingar, sem setti sér það mark að koma á ofbeldisstjórn á Íslandi að þýzkri fyrirmynd og þá að sjálfsögðu með sömu aðferðum og beitt var í Þýzkalandi. Lögreglustjórinn er því mjög vel til þess fallinn að stofna til „provokationa“ í pólitísku skyni, því að það telur hann leyfilega bardagaaðferð, og er vafalaust fús til slíkra verka, ef honum væri falið það af ríkisstjórninni.

Sósíalístaflökkurinn lýsir sök á hendur ríkisstjórninni og lögreglustjóra fyrir að eiga upptökin að óeirðunum 30. marz og þess vegna krefst hann þess, að fram fari sú hlutlausasta rannsókn, sem hægt er að framkvæma, en það er sú, sem þáttill. þessi gerir ráð fyrir. Sósíalístaflökkurinn veit, að ef hlutlaus rannsókn verður látin fram fara, þá mun það sannast, að ríkisstjórnin og lögreglustjóri bera ábyrgð á atburðunum 30. marz. Þjóðin krefst hlutlausrar rannsóknar á þessu máli, og því er þess að vænta, að þáttill. þessi verði samþykkt hið bráðasta.